

**Tillögur og greinargerðir vegna fundar ungmenna með
Borgarstjórn Reykjavíkur
14. febrúar 2023**

1) *Alex Dóra Björg Brynjudóttir, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um hraðari innleiðingu tilraunaverkefnis um bætt kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur.

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að vinna að því að hraða innleiðingu á tilraunaverkefni starfshóps um bætt kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur og að innleiðing verði hafin í öllum grunnskólum eigi síðar en haustið 2024.

Greinargerð

Árið 2018 samþykkti Reykjavíkurborg að setja af stað tilraunaverkefni um kynfræðslu í tveimur grunnskólum borgarinnar, Foldaskóla og Seljaskóla. Síðan þá hafa fáir skólar bæst við og verkefnið hefur farið alltof hægt af stað. Verkefnið þarf að gerast hraðar, í öllum skólum og þarf að hefja innleiðingu á kynfræðslu á yngsta stigi eins og lagt var fram í tilraunaverkefninu.

2) *Ástrós Eva Einarsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um bætt aðgengi að viðtalsmeðferð fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði og velferðarráði að finna leiðir til að bæta aðgengi grunnskólanema að viðtalsmeðferðum innan grunnskólanna í Reykjavík og að tillaga um úrbætur liggi fyrir eigi síðar en haustið 2023.

Greinargerð

Stór hluti ungmenna í grunnskólum borgarinnar upplifir vanlíðan. Mikið ákall er eftir auknu aðgengi grunnskólanema að fagaðila innan veggja skólanna sem myndi einnig koma til móts við langa biðlista sem myndast hafa eftir viðtölum við sálfræðinga, félagsráðgjafa og geðlækna. Starfsmenn grunnskólanna hafa auk þess upplifað aukið álag innan skólastofunnar. Bætt aðgengi grunnskólanema, jafnt sem bætt aðgengi starfsmanna, innan skóla Reykjavíkurborgar myndi tryggja samfellda þjónustu við ungmenni og koma til móts við lög um farsæld barna og betrubæta líðan allra innan skólanna.

3) *Emilía Nótt Starradóttir, fulltrúi í ungmennaráði Árbæjar og Holta*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um að hætt verði við að stytta opnunartíma félagsmiðstöðva í Reykjavík.

Lagt er til að borgarstjórn hætti við að stytta opnunartíma í félagsmiðstöðvum og sé í samskiptum við ungmennaráð borgarinnar áður en teknar eru ákvarðanir um frístundastarf unglinga.

Greinargerð

Unglingar í Reykjavík eru ósáttir við ákvörðun borgarstjórnar um að stytta opnunartíma í félagsmiðstöðvum Reykjavíkur. Skoðanir unglinga skipta máli og okkur finnst að það ætti að tala við ungmennaráðin áður en ákvarðanir eru teknar um mál sem tengjast ungmennum í Reykjavík.

4) Oskars Zelmenis, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um að lífgað verði upp á skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkur.

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að beita sér fyrir því að ákveðnu fjármagni verði veitt til nemendaráða árlega í hverjum grunnskóla frá árinu 2024 og að það verði notað til að lífga upp á skólaumhverfið.

Greinargerð

Nemendur eyða mestum hluta vikunnar innan veggja grunnskólanna. Það er upplifun margra að skólaumhverfi í grunnskólum yti ekki undir vellíðan og jákvæðni nemenda sinna. Umhverfið er ekki líflegt og minnir oft á stofnun, frekar en stað þar sem öllum á að líða vel. Ungmennaráð Breiðholts leggur til að nemendaráðum grunnskólanna í Reykjavík, sem oftast eru skipuð af nemendum á unglingastigi, verði úthlutað fjármagni sem verður eingöngu notað til þess að lífga upp á skólaumhverfið. Fjármagnið yrði meðal annars notað fyrir litríka málningu á vegg, listaverk og til að fegra skólana í samráði við stjórnendur og aðra nemendur í anda nemendalýðræðis.

5) Embla María Möller Atladóttir, fulltrúi í ungmennaráði Grafarvogs

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum Reykjavíkur.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmíssi 2024.

Greinargerð

Vegna aukinnar vitundar um mikilvægi þess að ungmenni læri um fjármál, atvinnumarkaðinn og réttindi á vinnumarkaði telur ungmennaráð Grafarvogs að tryggja þurfi kennslu um þessi viðfangsefni. Innleiðing á kennslu í fjármálalæsi myndi styðja við leiðarljós menntastefnu Reykjavíkurborgar sem felst í því að búa börn undir það hlutverk að vera virkur þátttakandi í samfélaginu. Útfærsla af þessari tillögu gæti til dæmis verið í formi skylduáfanga fyrir ákveðna árganga en gætu einnig fallið undir kennslu í öðrum námsgreinum, s.s. samfélagsfræði.

6) Elísabet Gunnarsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um bætt hjólastólaaðgengi í skólum og félagsmiðstöðvum í Reykjavík.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veita auknu fjármagni til að bæta hjólastólaaðgengi að félagsmiðstöðvum og skólum og að úrbætur hefjist í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks eigi síðar en haustið 2024.

Greinargerð

Að geta stundað nám í skóla í sínu hverfi eru ekki forréttindi heldur mannréttindi. Þess vegna þarf að bæta aðgengi fyrir einstaklinga sem nota hjólastól að skólum og félagsmiðstöðvum. Margar staðsetningar sem ungmenni nýta sér eru ekki aðgengilegar. Vegna aukinnar umræðu í samfélaginu um aðgengismál hefur það vakið athygli okkar að Reykjavíkurborg hefur ekki staðið sig í því að bæta úr þessum málum. Tillaga um sama mál var lögð fram fyrir tveimur árum og við höfum ekki séð neinar bætingar eða áform um bætingar. Okkur í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða finnst þetta vera óásættanlegt ástand sem þarf að bæta úr sem fyrst.

7) *Úlfhildur Elísa Hróbjartsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að skyndihjálpi verði kennd reglulega á öllum stigum grunnskóla.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að sjá til þess að nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar fái fræðslu í skyndihjálpi annað hvert ár, tvo klukkutíma í senn, frá og með vorönn 2024.

Greinargerð

Skyndihjálpi er nauðsynleg þekking sem gagnast öllum sem yfir henni búa. Það er því mjög mikilvægt að veita börnum og ungmennum á grunnskólastigi þessa fræðslu. Það eru til fljótlegar aðferðir til að veita fræðslu í skyndihjálpi og tekur það u.þ.b. 2 klukkustundir. Þar sem hæfniviðmið um skyndihjálpi eru nú þegar í aðalnámskrá ætti að passa að allir nemendur útskrifist úr grunnskóla með góða þekkingu í skyndihjálpi. Þess vegna leggur ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða til að skyndihjálpi verði kennd annað hvert skólaár.